

Foreldraráðsfundur 14. nóvember 2017

Kl: 18.00-19.45

Mætt voru ; Bára Daðadóttir, Sigurbjörg Ragna Ragnarsdóttir, Valdís Sigurvinsdóttir og Ingunn Ríkharðsdóttir skólastjóri. Berglind Ósk Pétursdóttir var fjarverandi.

1. Farið yfir bréf sem skólastjóri sendi rekstraraðila

Ingunn lagði fram bréf sem hún sendi á Valgerði Janusdóttur, sviðstjóra Skóla- og frístundasviðs og Steinar Adolfsson, sviðstjóra stjórnsýslusviðs varðandi mannekle, fjárhagsáætlun skólans og svigrúm til mönnunar vegna almennra fjarvista, útistandandi orlofs og verklagsreigna um umsóknir í veikindapott. Miklar fjarvistir hafa verið á þessu ári, allar lögmætar, og ekki margar leiðir til að leysa það og er þá gripið til undirmönnunar, stuðningur tekinn út þar sem hægt er, undirbúningstími kennara færður til en ekki hefur komið til skerðingar þjónstu að undanskildum tveimur skiptum, 2 klst seinnipart í annað skiptið og klukkutíma í lok dags í seinna skiptið.

Skólastjóri fer fram á samræður um starfsumhverfi leikskólans með velferð barna og starfsmanna að leiðarljósi. Enn eru skerðingar í reiknilíkani leikskóla frá árinu 2009 og farið hefur verið fram á að þær verði leiðréttar í áætlun ársins 2018.

**** Fundur hefur verið boðaður miðvikudaginn 29. nóvember**

2. Áætlun vegna mannekle kynnt

Lögð fram áætlun um skiptingu barnahópsins ef kemur að skerðingu þjónustu, hluta úr degi eða dag. Systkini eru merkt saman en hóparnir eru þannig samsettir að þeir taka einn starfsmann með sér. Umræður um slíkt inngríp í starfsemi en einnig rætt um ábyrgð skólastjóra ef eitthvað alvarlegt gerist í undirmönnun, hvenær flokkast bjargir til að halda fullri þjónustu undir vanrækslu - hárfín lína þar.

3. Fjárhagsáætlun 2018

Fjárhagsáætlunarvinna fyrir árið 2018 er á lokametrunum og hafa athugasemdir / beiðnir verið sendar er varða áætlun varðandi efirstöðvar orlofs, veikindaafleysingu og áætlun um viðhald búnaðar og tækja. Einnig hafa verið sendar ítrekanir vegna ákveðinna þátta í viðhaldi húss.

4. Áherslur skólans 2017-2018

- **Heilsueflandi leikskóli** – Garðasel sótti um að verða heilsueflandi leikskóli og fellur sú vinna vel að heilsustefnunni en grunnþættir þessa verkefnis eru hreyfing, næring, geðrækt, tannheilsa, öryggi, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk. Leikskólinn hefur þegar náð 82 % af viðmiðum hreyfingar og 75 % af viðmiðum næringar en það eru þeir þættir sem lögð verður áhersla á.

- **YAP** – er Young Athlete Program á vegum Special Olympic og eru þrír skólar komnir með staðfestingu á þátttöku, allt heilsuskólar. Verkefnið tekur til snemmtækrar íhlutunar í hreyfiþroska barna og fylgir ákveðið efni þessu verkefni til stuðnings fyrir kennara / íþróttافرæðing. Í dag höfum við ekki náð að fara af stað vegna þess að ekki hefur verið hægt að losa íþróttافرæðing til þessa verkefnis þar sem mönnun skólans / deilda gengur fyrir. Stefnt er að því að setja verkefnið af stað í desember og af fullum krafti á nýju ári.
- **Vínátta** – verkefni Barnaheilla er unnið af krafti á öllum deildum og öll börn skólans hafa fengið bangsann Blæ. Vínátta fellur vel að geðræktarþætti heilsueflandi leikskóla ásamt Uppeldi til ábyrgðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl: 19.45

Ingunn Ríkharðsdóttir skólastjóri